



**Blaðagrein  
eftir  
Höllu Tómasdóttur  
forseta Íslands  
í tilefni af  
Kvennafrídegi  
24 október 2025**

**Ekki einhvern daginn, heldur núna**

Árið 2025 hefur táknræna og sögulega þýðingu fyrir jafnréttisbaráttu kvenna um allan heim. Nú eru 15 ár liðin frá stofnun UN Women og 25 ár frá því að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Þar er lögð áhersla á að friður er varanlegri og réttlátari þegar konur taka þátt við mótun hans.

Þetta ár hefur líka sérstaka merkingu fyrir okkur Íslendinga. Tugir félagasamtaka og grasrótarhópa hafa skilgreint 2025 sem kvennaár meðal annars vegna þess að hálf öld er liðin frá fyrsta kvennafrídeginum, 24. október 1975. Í þessari viku rifjar þjóðin upp með margvíslegum hætti daginn þegar meira en 90% íslenskra kvenna lögðu niður störf, bæði launuð og ólaunuð, til að sýna fram á ómetanlegt framlag sitt til samfélagsins. Verkfallið stöðvaði víða hjól atvinnulífsins, raskaði hversdagslífi fjölmargra heimila og markaði tímamót í sögu þjóðarinnar.

Það breytti líka mínu litla lífi. Ég var sjö ára gömul. Þetta var afmælisdagur móður minnar, en aldrei þessu vant voru hún og systur hennar ekki uppteknar við bakstur og uppvask. Þær höfðu ákveðið að fela eiginmönnum sínum og bræðrum að sjá um heimilisstörfin þennan einstaka dag því þær voru í fríi. Þegar ég spurði hvers vegna svöruðu þær einfaldlega: „Við viljum sýna fram á að við skiptum máli.“ Þarna var fræi sáð því ég áttaði mig á að mig langaði líka að skipta máli.

Fimm árum síðar varð forveri minn í embætti, Vigdís Finnbogadóttir, fyrsti lýðræðislega kjörni kvenforseti heimsins. Kjör hennar skipti máli og það gerðu líka Samtök um kvennalista sem buðu fram lista í kosningum til þings og sveitarstjórna árin á eftir og breyttu íslenskum stjórnmálum. Kvennabaráttan hefur skilað margvíslegum sigrum á liðnum árum og við Íslendingar höfum einnig verið framarlega í flokki við að bæta réttindi hinsegin fólks. Náðst hefur árangur sem við getum öll verið stolt af, óháð kyni, kynhneigð, uppruna eða stöðu. Þetta er árangur sem aðrar þjóðir horfa nú til og við njótum virðingar fyrir.

Í Peking árið 1995 tók frú Vigdís þátt í fjórðu heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna. Þá var ég nýútskrifuð úr háskóla og ég man vel eftir eftirvæntingunni sem tengdist þessari fjölmennu samkomu og hliðarviðburðum hennar. Fulltrúar frá nærri 200 löndum komu saman til að móta framtíðarsýn mannkynsins um kynjajafnrétti. Í erindi sínu á ráðstefnunni sagði frú Vigdís meðal annars: „Við erum komin til Beijing til þess að þoka málstað kvenna fram á veg – ábyrgir þegnar mannkynsins sem höfum heitið því að skapa komandi kynslóðum betri heim.“ Peking-yfirlýsingin jók vitund heimsins um mikilvægi valdeflingar kvenna fyrir lýðheilsu, frið og sjálfbærni allra samfélaga.

Í liðinni viku heimsótti ég Peking til að minnast 30 ára afmælis þessarar yfirlýsingar. Í ávarpi mínu lagði ég áherslu á þær framfarir sem átt hafa sér stað – í löggjöf, menntun, stjórnmálum og heilbrigðismálum – en einnig á það bakslag sem nú ógnar réttindum kvenna og hinsegin fólks í mörgum löndum. Það birtist skýrast

í þeirri skipulögðu atlögu gegn trans fólki sem við verðum nú vitni að, jafnvel í ríkjum sem lengi hafa kennt sig við jafnrétti og mannréttindi.

Ég lagði áherslu á að minningarviðburðir eins og sá sem fram fór í Peking megi ekki samanstanda af innantómum ræðuhöldum. Þeir verða að vera farvegur fyrir endurnýjaða framtíðarsýn. Ég minnti á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til 2030 og benti á að fimmta markmiðið – að tryggja jafnrétti kynjanna og efla völd allra kvenna og stúlkna – gæti reynst lykillinn að því að ná öllum hinum markmiðunum.

Jafnréttismál eru ekki einkamál kvenna. Þau snerta alla. Þau eru forsenda velmegunar, lýðræðis, nýsköpunar og friðar. Hér á landi höfum við gert mikilvægar breytingar á lagaramma jafnréttismála. Við höfum viðurkennt leikskóla sem fyrsta stig menntunar, innleitt foreldraorlof, kynjaða fjárlagagerð, jafnlaunavottun og kynjakvóta. Þetta eru ekki gallalaus úrræði en þau hafa fært okkur fram á við. Þau skipta máli.

En baráttunni er ekki lokið. Á kvennafrídeginum árið 2023 settu skipuleggjendur fram skýrar kröfur um að útrýma þyrfti kynbundnu ofbeldi, jafna að fullu launamun, bæta stöðu mæðra og vinna gegn mismunun á vinnumarkaði. Tveimur árum síðar eru flestar þessar kröfur enn aðkallandi. Ég vil sérstaklega nefna stöðu kvenna af erlendum uppruna, kvenna með fötlun og hinsegin fólks hér á landi. Þau verða oftar en við hin fyrir misréttinu sem móðir mín og systur hennar neituðu að sætta sig við fyrir hálfri öld.

Um leið og við minnumst kvennafrídagsins og framfaranna síðustu hálfa öld er brýnt að kalla eftir enn virkari þátttöku karla og drengja í jafnréttisbaráttunni, karlmanna sem hafna skaðlegum hugmyndum, axla ábyrgð og taka af alvöru þátt í að skapa samfélag byggt á víðtæku jafnrétti og virðingu fyrir fjölbreytileika. Hvergi er þessi þátttaka mikilvægari en í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi – bæði í raunheimum og á netinu. Ný lög gegn stafrænu ofbeldi eru skref í rétta átt

en lögin nægja ekki ein og sér. Við þurfum í sameiningu að skapa menningu sem byggð er á virðingu, umburðarlyndi og víðsýni – menningu sem birtist í hversdagslegum samskiptum sem styrkja í stað þess að brjóta niður.

Í heimi þar sem upplausn ríkir hafa konur hlýju til að leggja líkn með þraut, visku til að vísa veginn og hugrekki til að knýja á um breytingar. Við skulum ekki umgangast Peking-yfirlýsinguna 1995, ályktun Öryggisráðsins nr. 1325 eða aðgerðaáætlun UN Women frá 2021 sem sögulegar heimildir, heldur sem lifandi markmið. Og við skulum fagna framtíðarsýn kvennafrídagsins 2025, ekki með orðum einum heldur með aðgerðum. Ekki einhvern tímann, heldur núna.

Sjálf mun ég taka mér frí 24. október og standa með systur mínum og bræðrum gegn ofbeldi og með friði og framförum sem byggjast á jafnrétti fyrir alla.